

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum efnivörum til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ.e. toll, sérstakt tímabundið vörugjald, jöfnunargjald og/eða sérstakt tímabundið aðlögunargjald, af efnivörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vöruheiti
04.06.00	Hunang.
08.04.21	Rúsínur.
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnetur, hnetukjarnar.
úr 08.13.00	Börkur af sítrusávöxtum.
09.04.00	Pipar og allrahanda.
09.05.00	Vanilla.
úr 09.06.00	Kanill.
09.07.00	Negull.
úr 09.08.00	Múskat.
úr 09.09.00	Anís og kúmen.
09.10.10	Engifer.
11.08.02	Kartöflusterkja.
úr 11.08.09	Önnur sterkja.
15.07.70	Kókósolía.
úr 15.07.90	Blönduð jurtaolía.
15.12.03	Oliur úr jurtaríkinu, ót. a.
17.02.03	Síróp.
úr 17.04.09	Marsipan og persipan.
úr 18.06.09	Nougatmassi.
19.02.02	Maltextrakt.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 19.05.00	„Corn puffs“, „puffed rice“ og „puffed wheat“.
úr 20.04.00	Ávaxtahýði.
úr 20.05.09	Gráfikju- og döðlumassi.
20.06.10	Brenndar hnetur, þ. m. t. jarðhnetur.
úr 20.06.20	Gráfikju- og döðlumassi.
úr 21.06.01	Pressuger.
21.06.02	Bökunarduft, tilreitt.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni („bakery additives“, „dough developers“ o. fl.) einkum samsett úr neysluhæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (mono-, di- eða triglyceridum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o. s. frv., enda innihaldi efnið að hámarki 30% af feiti miðað við heildarmagn. Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Matarlím (gelatín).

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Vörurnar séu í 5 kg ytri umbúðum og stærri.

- b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar

eða

innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, æfluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki og framvisi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

- c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Ráðuneytið getur að fenginni skriflegri beiðni þar að lútandi heimilað innkaupasamböndum hér umræddra iðnfyrirtækja að tollafgreiða vörur skv. 1. gr. án þess að framvísað sé hverju sinni yfirlýsingu frá framleiðendum skv. b-lið 2. gr.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolfteftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 366 14. september 1979 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o.fl., sbr. reglugerð nr. 337

3. júlí 1980 um breyting á henni.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu